

Föstudaginn 23. maí 1973.

Nr. 24/1972: Bjarni Haraldsson

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Hauki Magnússyni og gagnsök.

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Toríason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar:

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. febrúar 1972. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, „að sök verði skipt og kröfur gagnáfrýjanda aðeins að hluta teknar til greina. Er þá jafnframt krafizt skuldajafnaðar allt að kr. 7.000.00“. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 94.665.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags, en til vara kr. 73.665.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt uppdrætti, er löggæzlumenn gerðu af vettvangi, verður að ætla, að hemlafar bifreiðarinnar K 24 hafi verið 13 m að þeim stað, er bifreiðin rakst á hrossin, og 17 m þaðan og þar til hún stöðvaðist. Bendir þetta til, að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en aðaláfrýjandi telur og óhæfilega mik-

ill miðað við aðstæður, einkum þegar þess er gætt, að myrkur var á. Samkvæmt þessu og með vísan til ákvæða 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 verður að telja, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, rak gagnáfrýjandi 4 hross eftir veginum í umrætt sinn og ók dráttarvél sinni við reksturinn. Hefur hann lýst því, að hrossin hafi rekizt illa. Með hliðsjón af ákvæðum 64. gr. laga nr. 40/1968 verður að telja það óvarlegt af gagnáfrýjanda að reka hrossin eftir veginum, þar sem vænta mátti umferðar bifreiða, sérstaklega þegar þess er gætt, að myrkur var. Þá má ætla, að öll gái að hrossunum hafi orðið gagnáfrýjanda erfið vegna þess, að hann ók dráttarvél við reksturinn. Þegar þetta er virt, þykir gagnáfrýjandi einnig eiga sök á, hvernig fór. Þykir hæfilegt að telja gagnáfrýjanda eiga sjálfan $\frac{1}{3}$ hluta sakar og að hann geti því aðeins krafist aðaláfrýjanda um $\frac{2}{3}$ hluta tjóns síns, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968.

Aðalkröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Verðmæti þriggja hrossa	kr. 73.665.00
2. Áætlað verðmæti þriggja folalda	— 21.000.00
	<hr/>
	kr. 94.665.00

Varakrafa gagnáfrýjanda er fyrsti liður aðalkröfu hans.

Hinn 28. október 1970 mátu dómkvaddir menn verðmæti umræddra hrossa samtals kr. 73.665.00, og er tekið fram í matsgerðinni, að matið sé miðað við þann tíma, þegar það var framkvæmt.

Hæfilegt þykir að áætla verð hryssanna samtals kr. 65.000.00, og er þá tillit til þess tekið, að hryssurnar munu hafa verið fylfullar.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda hafa numið kr. 65.000.00, og ber aðaláfrýjanda að bæta $\frac{2}{3}$ hluta þess, eða kr. 43.333.30.

Við slysið urðu verulegar skemmdir á bifreiðinni K 24. Bifreiðin var húftryggð, en sjálfsáhætta aðaláfrýjanda nam

kr. 3.000.00. Hefur aðaláfrýjandi fengið viðgerðarkostnað bifreiðarinnar greiddan frá váttryggingafélagi sínu að undanskildum kr. 3.000.00. Þá kveðst aðaláfrýjandi hafa misst af notum bifreiðarinnar í fjóra daga vegna viðgerðarinnar og nemi tjón hans af þeim sökum kr. 4.000.00. Telur aðaláfrýjandi, að hann eigi rétt til að fá þetta tjón sitt skuldajafnað við kröfur gagnáfrýjanda í sama hlutfalli og honum verði gert að bæta tjón gagnáfrýjanda.

Fallast má á, að gagnáfrýjanda beri að bæta aðaláfrýjanda þetta tjón hans að $\frac{1}{3}$ hluta og að það fé komi til frádráttar dæmdum bótum til gagnáfrýjanda, enda hafa rökstudd andmæli eigi komið fram gegn fjárhæð þessarar kröfu.

Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda alls kr. 41.000.00 ($43.333.30 \div 2.333.30$) með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að bókanir um munnlegan málflutning á dómþingi 3. nóvember eru óskilríkar.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Bjarni Haraldsson, greiði gagnáfrýjanda, Hauki Magnússyni, kr. 41.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 16. nóvember 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 28. maí s.l., er höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu af Hauki Magnússyni bónda, Brekku, með stefnu, útgefinni 14. maí s.l., gegn Bjarna Haraldssyni bifreiðar eiganda, Sauðárkróki, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 109.000.00 auk 8% vaxta og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður

af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í máli þessu og kröfur stefnanda teknar aðeins að hluta til greina. Þá er jafnframt krafizt skuldajafnaðar allt að kr. 7.000.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnandi hefir stefnt Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu. Hefur það látið sækja þing. Af hálfu réttargæzlu-stefnda er áskilinn réttur til skuldajafnaðar við stefnanda allt að kr. 48.018.00, en þá upphæð greiddi réttargæzlustefndi stefnda samkvæmt húftryggingu vegna skemmda á bifreið hans í árekstri við hross stefnanda, en út af þeim árekstri eða ákeyrslu eru dómkröfur stefnanda sprotnar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Hinn 1. desember 1969 rak stefnandi 4 hross fram þjóðveginn frá Blönduósi og áleiðis heim að Brekku. Sjálfur sat hann á dráttarvél. Þegar hann nálg-aðist Skinnastaði, kom vörubifreiðin K 24 sunnan veg, og þá vildi svo slysalega til, að bifreiðarstjórinn ók á þrjú hrossanna, þrjár hryssur, og sködduðust þær það mikið, að lóga varð tveimur strax, en þeirri þriðju daginn eftir. Hrossin, sem lóga varð, voru hryssur á bezta aldri, 4, 5 og 9 vetra, og af góðu kyni, að því er stefnandi telur og ekki hefur verið mótmælt. Þessi atvikalýsing kemur alveg heim við frásagnir aðilja.

Samkvæmt skýrslu stefnanda á réttarskj. nr. 2 og 4 rak hann hrossin fram veg og var sjálfur á dráttarvél „í humátt á eftir“. Þegar hann varð var bifreiðarinnar K 24, ekur hann á hægra kanti. Ekki verður séð á málskjöllum, að stefnandi hafi numið staðar, er hann sá K 24 koma á móti. Slysið verður svo, og fer stefnandi þá að huga að hrossunum og sér, hvernig komið var, og því næst fer hann til bifreiðarinnar og stjórnanda hennar. Spurningu stefnanda: „Hvað í ósköpunum kom fyrir?“ svaraði bifreiðarstjórinn samkvæmt frásögn stefnanda á réttarskj. nr. 4.: „Kom fyrir, nú ég var alveg blindaður af ljósunum hjá þér, það er glæpur að reka hross eftir veginum“. Þessi athugasemd bifreiðarstjórans um rekstur eftir veginum gaf stefnanda ástæðu til að lýsa þeirri skoðun sinni, að vegirnir væru fyrir alla bændur sem aðra, og um aðrar leiðir en þjóðvegina væri yfirleitt ekki að ræða. Stefnandi gerði síðan ráðstafanir til þess að aflífa hrossin, sem slasast höfðu.

Samkvæmt frásögn bifreiðarstjórans á réttarskj. nr. 2 ók hann á 45-50 km/klst., er hann kom fram í Skinnastaðahorn. Sá hann þá ljós koma á móti og dempaði ljósin, þ. e. skipti háu ljósunum í lágu ljósin. Hann varð allt í einu var við hrossin, að hann segir,

þegar bifreiðin átti eftir 10-12 metra. Þótt hann hemlaði, þá skipti það engum togum, að hrossin lentu framan á bifreiðinni með fyrrgreindum afleiðingum. Auk þess skemmdist bifreiðin nokkuð. Samkvæmt frásögn stefnanda skipti bifreiðarstjórinn sér ekki af slösuðu hrossunum, en kallaði á lögreglu, að því er virðist um talstöð.

Lögreglan gerði mælingar og teikningu af slysstað og tók skýrslu af farþega í K 24, sem ber saman við skýrslu bifreiðarstjórans. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar varð áreksturinn um 150 m norðan vegarins heim að Skinnastöðum.

Frásagnir aðilja, sem nú hafa verið raktar, bera saman við atvikalýsingu þá, sem getið er hér að framan.

Það verður því ekki um það deilt, að þessar þrjár umræddu hryssur hafi drepizt eða verið drepnar sem afleiðing ákeyrslu K 24, og ber því eiganda bifreiðarinnar að bæta tjónið samkvæmt 67. gr. umferðarlaga. Á aðalvarnarkröfu stefnda verður því ekki fallizt. Álitamál getur hins vegar verið með varakröfu hans.

Lögmaður stefnda og réttargæzlustefnda lætur að því liggja í greinargerð, og einnig gat hann þess við munnlegan málflutning, að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum 64. gr. umferðarlaga, 2. og 3. mgr., við rekstur hrossanna. Á þessa skoðun verður ekki fallizt, 64. gr. gerir ráð fyrir hóp búfjár, og það verður að skilja það ákvæði með hliðsjón af því, að þegar margt búfjár er saman komið, misrekst það, þannig að það tognar úr rekstrinum, og verði ekki staðið fyrir, geta skepnur þvælt á vegunum nokkuð langan veg. Þess vegna verður maður að vera á undan til þess að standa fyrir. Slíkt hendir tæplega 4 hross í hóp að vetrarlagi, svo dómariinn getur ekki fallizt á að líta á þetta sem brot gegn ákvæðum 64. gr.

Með tilvísan til ummæla hér að framan, sem höfð eru eftir bifreiðarstjóra K 24 á réttarskj. 4 og hugleiðinga stefnanda um rétt bænda til vegarins þá ber vitanlega að viðurkenna þann rétt. Meðan ekki er girt almennt meðfram vegum og ekki er skylda að hafa skepnur í heldum girðingum, þá hlýtur alltaf að vera til sú hættu, að skepnur verði í vegi ökutækja á þjóðvegum landsins. Ef stefnandi hefði verið gangandi við rekstur hrossanna, hefðu ákvæðum 67. gr. umferðarlaganna verið beitt án frekari hugleiðinga. En nú er stefnandi ekki gangandi eða ríðandi bóndi í þessu tilviki, heldur ökumaður dráttarvélar með nákvæmlega sömu skyldur gagnvart umferð og bifreiðarstjórinn á K 24.

Þegar bifreið kemur fram á Skinnastaðahorn, eiga hross að

sjást, þegar skyggni er gott, í a. m. k. 2-300 metra fjarlægð. Það, sem skeði í umrætt sinn, var, að bifreiðarstjórinn á K 24 sér ljós koma á móti og eðlileg viðbrögð hans eru að „dempa“ ljósin eða setja á lágu ljósin, en um leið gerir hann sér erfiðara fyrir með að sjá fram, enda verka ljósin á dráttarvélinni þannig, að erfitt er að sjá fram nema stutt. Auk þess hlýtur athygli bifreiðarstjórans að vera bundin ljósunum að nokkru. Ljósin á dráttarvélinni geta einnig hafa haft áhrif á hrossin og gert þau hálfblind, en það er öllum þeim kunnugt, sem þurfa að aka fram hjá skepnunum í myrkri, að þær geta orðið hálfbruglaðar í ljósgeislanum, og þarf oft alveg að slökkva ljósin til þess að komast fram hjá þeim. Þessi atriði hefði ökumaður dráttarvélarinnar átt að vita og gefa bifreiðarstjóra bifreiðarinnar, sem kom á móti, K 24, merki með því að slökkva og kveikja á víxl eða aðeins slökkva ljósin, þá hefði hann breytt eins og góðum ökumanni sæmir og sýnt hæfilega varúð.

Ökuhraði K 24 er talinn hafa verið 40-50 km/klst. Bæði stefnandi og lögmaður hans, í munnlegum málf lutningi, gefa í skyn, að bifreiðarstjórinn hafi ekki ávallt verið eins gættinn við akstur sem honum bæri sem slíkum (réttarskj. nr. 18). Á þessi ummæli voru ekki færðar frekari sannanir, enda skiptir það í sjálfu sér ekki máli. Í umrætt skipti verður ekki annað út á akstur hans sett en það að hafa ekið of hratt, sem er raunar orsök flestra slysa. Honum er það ekki afsökun í sjálfu sér að segja, að allir hefðu haldið áfram á svipuðum hraða við þessar aðstæður, sem sennilega er rétt, en það gefur heldur ekki ástæðu til að álykta, að hann hafi sýnt óþarfa tillitsleysi við aksturinn. Þegar á þetta allt er litið, lítur dómari svo á, að skipta beri sök, þannig að eigandi K 24, stefndi, beri $\frac{4}{5}$ tjónsins og eigandi hrossanna, ökumaður dráttarvélarinnar, stefnandi, $\frac{1}{5}$ tjónsins.

Þá ber að athuga annan lið varakröfu stefnda um skuldajöfnuð vegna skemmda á bifreiðinni K 24, sem hún varð fyrir, þegar hún ók á hrossin.

Til þess að um skaðabótaskyldu sé að ræða, verður annað hvort að vera fyrir hendi ákveðinn verknaður eða athafnaleysi meints skaðvalds. Eigandi dýra (búfjár) getur verið skaðabótaskyldur, en þá er um vangeymslu hans að ræða í einhverri mynd.

Í umræddu tilviki er í sjálfu sér ekki um vangeymslu í neinni mynd að ræða. Hrossin voru löglega á veginum. K 24 ekur á þau og drepur og skemmist við það, en þau hlaupa ekki á bifreiðina. Slíkt getur vart skeð með 4 hross í hóp í myrkri að vetrarlagi,

en gæti skeð af stórum hrossahópi, sem rekinn væri á þröngum vegi vor eða haust. Ákvæði 64. gr. umferðarlaga eiga m. a. að hindra það. Aðalreglan er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga að sá, sem ábyrgð ber á ökutæki, er af hlýzt tjón, ber að bæta tjónið, þótt ökutækið sé í alla staði í lagi og ökumaður hafi ekið gætilega. T. d. verður að bæta lamb, sem hleypur fyrir bifreið, eins og þau gera oft á vorin. Stundum þannig, að það er engin leið þrátt fyrir gætilegan akstur að hindra slys.

Með hliðsjón af þessari reglu og almennum reglum um skaðabótaskyldu verður að líta svo á, að eigandi, stefndi, ökutækisins K 24 eigi ekki rétt á bótum fyrir tjón, sem varð á ökutækinu við það að aka á hrossin, þótt sök hafi verið skipt, að því er snertir bætur fyrir hryssurnar, en það er gert, eins og áður er fram tekið, vegna þess, að stjórnandi dráttarvélarinnar er ekki talinn hafa sýnt nægilega varkárni, en hann sem slíkur ber nákvæmlega sömu skyldur og ökumaður bifreiðar. Verður því síðari liður varakröfu stefnda og krafa réttargæzlustefnda ekki tekin til greina.

Dómkrafa stefnanda er kr. 109.000.00, þar með talinn matskostnaður, kr. 4.000.00, og kr. 35.000.00 fyrir hverja hryssu.

Stefndi hefur mótmælt málskostnaðinum sem dómkröfu og telur hann hana eiga heima undir málskostnaðarliðnum. Á þá skoðun fellst dómarrinn og tekur því ekki sjálfstæða afstöðu til þessa liðs í dómkröfu.

Á dómsskjali nr. 4 verðleggur stefnandi hryssurnar á samtals kr. 73.655.00 og hefur þá leitt rök að þessu verði vegna gæða hryssanna eða eins og hann kemst að orði „— ég geri mig ekki ánægðan með neitt miðlungsverð fyrir umræddar hryssur —“. Dómkvaddir matsmenn meta hryssurnar þrjár á kr. 73.665.00. Matsgerðin er dags. 28. október 1970 á dómsskj. nr. 16, en þar segir: „— Matið er miðað við þann tíma, sem það er framkvæmt á —“. Eðlilegra hefði verið og réttara að miða við tjón dag, en ekki hefur verið áfrýjað til yfirmats, svo ætla má, að aðiljum hafi ekki þótt mat þetta fjarri lagi. Verður því fallizt á verð þessara matsmanna sem hæfilegar skaðabætur til handa stefnanda fyrir umrætt tjón auk 7% vaxta frá matsdegi 28. október 1970. Ekki er ástæða til að reikna vexti frá tjóndegi, þar sem verðhækkun er tekin með, en samkvæmt stefnu á dómsskj. nr. 1 hefur verðlag breytt allmjög síðari ár til hækkunar. Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 58.932.00 auk 7% vaxta frá 28. október 1970 til greiðsludags. Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 17.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Haraldsson, greiði stefnanda, Hauki Magnússyni, kr. 58.932.00 auk 7% vaxta frá 20. október 1970 til greiðsludags. Þá greiði stefndi kr. 17.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. marz 1973.

Nr. 12/1971: **Guðný Jóhannsdóttir**

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Þórði Auðunssyni og gagnsök

(Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1971. Krefst hún sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. apríl 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. marz s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna og aðiljar og vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, reisti aðaláfrýjandi kröfu sína um sýknu á því m. a., að riftunarkrafa stefnda væri of seint fram komin. Þessa málsástæðu bar héraðsdómara að taka sérstaklega til rökstuddrar úrlausnar samkvæmt 193. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómari gætti þessa ekki, og verður því ekki hjá því komizt, eins og á stendur, að ómerkja